



Reglur

Um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Bláskógabyggð.

1. gr.

Almennt

Sveitarfélögum er heimilt skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum, og reglugerð nr. 1160/2005, að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatts. Skyrt er sveitarstjórnnum að setja reglur um beitingu heimildanna. Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Bláskógabyggð eru birtar með reglum þessum sbr. 7. gr. reglugerðar 1160/2005.

2. gr.

Starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni

Styrkir eru veittir til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer menningar-, íþróttar-, æskulýðs-, og tómstundastarfsemi svo og mannúðarstörf sem ekki eru rekin í ágóðaskyni, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995.

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- eru fasteignareigendur í Bláskógabyggð,
- reka starfsemi sína í húsnæðinu,
- starfsemin skal vera menningar-, íþróttar-, æskulýðs-, og tómstundastarfsemi svo og mannúðarstörf sem eru rekin í almannabágu eða æskulýðs,
- starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni, en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins ef þær eru eingöngu nýttar til reksturs húsnæðisins, sbr. þó 5. mgr. 2. gr.

Umsóknnum skal skilað inn til skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 1. maí ár hvert þar sem gerð er grein fyrir starfsemi félagsins. Ársreikningur síðasta árs skal fylgja umsókn.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema álögðum fasteignaskatti.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr. jafnframt nýttar til annarra nota en að framan greinir og skal þá styrkur veittur í réttu hlutfalli við slík not.

Sveitarstjóri tekur ákvörðun um styrkveitingu á grundvelli ofangreindra forsendna.

3. gr.

Tekjulitlir elli- og örorkulífeyrisþegar

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Bláskógabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Bláskógabyggð sem hafa fasta búsetu og skráð lögheimili í íbúðarhúsnæði sem er þinglýst eign þeirra og:

- eru 67 ára á árinu eða eldri eða
- eru með 75% örorku eða meira við upphaf álagningarárs



- hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði

Afsláttur er eingöngu veittur af einni íbúð í eigu umsækjanda, þar sem hann hefur fasta búsetu og skráð lögheimili og skal viðkomandi íbúð vera skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá.

Afsláttur er tekjutengdur og reiknast hlutfallslega skv. ákvörðun sveitarstjórnar. Um þrepaskiptingu og viðmiðunarfrjárhæðir fer skv. ákvörðun sveitarstjórnar frá 7. apríl 2011 og skulu viðmiðunarfrjárhæðir uppreiknaðar árlega með tillit til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni. Við ákvörðun um afslátt af fasteignaskatti er miðað við heildartekjur skv. tekju- og útsvarsstofni, auk fjármagnstekna nýliðins árs. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambylifsólks. Lækkun fasteignaskatts er reiknuð sjálfkrafa við álagningu fasteignagjalda og byggir á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um tekjur. Upplýsingar um afsláttinn eru birtar á álagningarseðli og upplýsingar um tekjuviðmið og þrepaskiptingu eru birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.

4. gr.

Bújarðir og útihús

Eigendur útihúsa á bújörðum / lögbýlum geta sótt um niðurfellingu fasteignaskatts skv. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, ef ytri aðstæður valda því að sá rekstur sem nýtir viðkomandi fasteign stöðvast skyndilega. Forsendur þess að geta nýtt þetta ákvæði er, að eigandi hafi haft rekstur í viðkomandi fasteign, en ytri aðstæður svo sem stjórnvaldsáskvarðanir hafi valdið rekstrarstöðvun. Að hámarki er hægt að sækja um niðurfellingu til tveggja ára, enda sé engin starfsemi í fasteigninni og eigandi að vinna að því að koma umræddri fasteign í annan rekstur. Viðkomandi verður að skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. maí ár hvert ásamt staðfestu skattframtali og rekstrarreikningi næstliðins árs.

Ekki er heimilt að veita afslátt eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum.

Sveitarstjóri tekur ákvörðun um niðurfellingu á grundvelli ofangreindra forsendna.

5. gr.

Friðuð hús

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts skv. 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1160/2005 af friðuðum húsum ef þeir hafa staðið að endurbótum eða endurbyggingu þeirra. Umsóknum skal skilað inn til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 1. maí ár hvert. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur hússins. Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur á húsinu. Þannig megi líta á styrk eða niðurfellingu sem framlag til endurbóta.

6. gr.

Endurupptaka máls

Hægt er að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ef ákvörðun sveitarstjóra hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beint til sveitarstjórnar innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.



Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 17. janúar 2023 og taka þegar gildi. Falla jafnframt úr gildi reglur sveitarstjórnar frá 29. mars 2021.

Bláskógabyggð, 17. janúar 2023

*Ásta Stefánsdóttir
sveitarstjóri Bláskógabyggðar*